

Fundur í skólaráði 21. febrúar 2019.

Mætt: Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri, Marías Benedikt Kristjánsson deildarstjóri, Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Elfa Björk Jóhannsdóttir, Katrín Ósk Steingrímsdóttir fulltrúi foreldra, Regína Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Halldór Arason fulltrúi foreldra og Svavar Máni Geislason fulltrúi nemenda.

1. Anna Bergrós fer yfir skóladagatal næsta árs og útskýrir m.a. skerta daga, árshátíðardaga, uppbrotsdaga, þemadaga og fleira. Einnig rætt um upphaf og lok skólaárs. Fulltrúi foreldra spyr hvort hægt er að hafa Frístundina opna fram í miðjan júní.
2. Halldór fulltrúi foreldra veltir upp hvort skólaráð skólans eigi að hafa afskipti af stækkun steypustöðvar í Giljahverfi sem stendur til að framkvæma, t.d. með ályktun. Umræður um hvort skólaráð skólans sé rétti vettvangurinn til að koma að máli sem þessu. Málið er í umsagnarferli hjá Akureyrarbæ. Skólaráð mun óska eftir nánari upplýsingum um loftgæði við skólann og í hans nánasta umhverfi. Sendur verður póstur á byggingafulltrúa Akureyrarbæjar.

Önnur mál.

Rætt um öryggisgalla í Mentor sem fram kom í síðustu viku, þar sem einn aðili náði að komast inn í nemendaspjöld nemenda nokkurra skóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:53.

Fundargerð ritar MK.